

## GJALDSKRÁ

### Bláskógaveitu (hitaveitu), Bláskógabyggð.

## 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Bláskógaveitu frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

## 2. gr.

Afnotagjöld af heita vatninu eru sem hér segir:

*Daggjald/mælagjald/hemlagjald:*

Stærð mælis/hemils	DN 15 mm	37,92	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 20 mm	38,90	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 25 mm	58,92	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 32 mm	61,09	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 40 mm	100,95	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 50 mm	152,14	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 65 mm	186,69	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 80 mm	217,79	kr./dag

*Heitt vatn um rennslismæli, í Biskupstungum:*

H1A.	Almenn notkun, íbúðarhús/sumarhús	107,91	kr./m <sup>3</sup>
H3A.	Garðyrkja/Hitaveitan Brúin	26,59	kr./m <sup>3</sup>
V4A.	Verslun, iðnaður og opinberar byggingar	80,94	kr./m <sup>3</sup>

*Heitt vatn um hemil, í Biskupstungum:*

L1.	Garðyrkja	11,62	kr./mínútulítra á dag
L2.	Íbúðarhús/sumarhús	95,56	kr./mínútulítra á dag
L3.	Verslun, iðnaður og opinberar byggingar	40,20	kr./mínútulítra á dag
H1D.	Hemlagjald	81,80	kr./mínútulítra á dag

*Heitt vatn um rennslismæli, í Laugardal:*

H1L.	Almenn notkun, íbúðarhús/sumarhús	107,91	kr./m <sup>3</sup>
H3L.	Garðyrkja	26,59	kr./m <sup>3</sup>
V4L.	Verslun, iðnaður og opinberar byggingar	80,94	kr./m <sup>3</sup>

*Heitt vatn um hemil, í Laugardal:*

H2.	Íbúðarhús/sumarhús	95,56	kr./mínútulítra á dag
H4.	Mýrarhúsaskógur	95,56	kr./mínútulítra á dag

## 3. gr.

Tengigjöld Bláskógaveitu eru sem hér segir:

Íbúðarhús að 450 m <sup>3</sup>	312.598	kr. m <sup>3</sup> umfram m <sup>3</sup> 234 kr.
Opinberar byggingar og iðnaðarhús að 450 m <sup>3</sup>	312.598	kr. m <sup>3</sup> umfram m <sup>3</sup> 67 kr.
Gróðurhús og stórnotendur	5.278	kr. mínútulítrinn lágmark 60 m/l
Sumarhús	529.844	kr. fast gjald

## 4. gr.

Tengigjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við byggingarvísitölu. Grunnvísitala (grunnur 2010) októbermánaðar 2013, 118,7 stig. Bláskógaveitu er heimilt að breyta tengigjöldum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

## 5. gr.

Lágmarksnotkun fyrir sumarhús er 642 rúmmetrar á ári og ávallt skal greiða fyrir þá notkun samkvæmt gjaldskrá. Fari ársnotkun sumarhúss fram yfir 642 rúmmetra á ári, þá skal greiða fyrir hvern umframrúmmetra skv. gjaldskrá ásamt lágmarksnotkunargjaldi. Fastagjald greiðist óháð notkun.

## 6. gr.

Lágmarksstilling á hemli verður 3 l/m.

## 7. gr.

Bláskógaveita hefur rétt til að loka fyrir afhendingu á heitu vatni til húsveitu viðskiptamanns sem vanrækt hefur að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni 7.027 kr.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af veitustjórn Bláskógaveitu þann 28. nóvember 2016 og sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 1. desember 2016, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 70/2016.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. desember 2016.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Ingvi Már Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Hreinn Hrafnkelsson.*